

Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara, FF

9. september 2016, kl 10-15

í Háteigi B, Grand Hótel í Reykjavík

1. KOSNING FUNDARSTJÓRA OG RITARA

Guðríður formaður setti fundinn og stakk upp á Önnu Maríu sem fundarstjóra. Samþykkt.

Anna María fór yfir fundarsköp, kjörgengi, kosningar og dagskrá og kynnti fundargögn sem eru á netinu. Stungið upp á Reyni Þór og Steinunni Ingu sem ritara, samþykkt. Síðan var gengið til dagskrár.

2. MÁLEFNI VÍSINDASJÓÐS FF OG FS

Hanna Björg steig í pontu og sagði að nú væri það skylda stjórnar að bregðast við því að stjórn Vísindasjóðs væri óstarfhæf, trúnaðarbrestur í gangi og allar forsendur brostnar. Gögn berast ekki, reglum er breytt án samþykkis og vitundar stjórnar FF, tölvupósti og símhringingum FF ekki svarað o.fl. Kalla verður til aukaáðalfundar vegna þessa neyðarástands og óskaði Hanna eftir stuðningi fulltrúafundarins til þess að kjósa að nýju í stjórnina.

Gísli Þór, fulltrúi FF í stjórn Vísindasjóðs, bað um orðið. Hann rakti þrjú dæmi um algjöran trúnaðarbrest milli hans og stjórnarinnar. Í fyrsta lagi að kæra var send án hans vitundar og samþykkis. Sagði trúnaðarbrest innan stjórnar Vísindasjóðs, kallar það nánast einelti. Hann tók þátt í kæru stjórnar til sérstaks saksóknara en taldi að málinu væri lokið þegar niðurstaða hans væri komin. Hann hafði strax samband við Erlu Elínu, formann, og sagði alveg skýrt að málinu ætti að ljúka með þessu. Þann 20. apríl var stjórnarfundur, 7 dögum eftir að þessi niðurstaða var áframsend til ríkissaksóknara. Það átti sem sé að samþykkja það eftir á. Áfrýjunin var ekki með fyrirvara heldur fyrir hönd stjórnar. Hann kallar þetta skjalafals, falsað skjal í hans nafni sent á opinberan aðila. Honum hefur liðið mjög illa, var nánast svefnlaus í langan tíma eftir fundinn. Á fundi í ágúst fær stjórnin niðurstöðu ríkissaksóknara frá 14. júní, stimplað af Láru V Júlíusdóttur, 20. júní. Það liðu sem sé margar vikur þangað til stjórnin fékk niðurstöðuna. Þetta telur hann fullkominn trúnaðarbrest. Í byrjun maí sér hann að búið er að selja húsnæðið sem sjóðurinn er í og sendi formanni fyrirspurn um hvort þetta hafi áhrif á húsnæðismál sjóðsins. Eftir fundinn spyr hann aftur um það. Þá kemur hik á formanninn og loks svarar hún því að húsið væri selt og sjóðurinn fylgdi með því fyrirtæki sem hann leigði af. Þannig að formaður laug á fundinum sjálfum. Hann hefur verið sakaður um að brjóta trúnað, en hefur leyft sér að tala við stjórnarfólk í FF, nema á því tímabili sem þagnarskylda ríkti á meðan málið var hjá héraðssaksóknara. Lilja, fulltrúi FS í stjórninni, sagðist þá líka tala við sinn formann og stjórn þegar henni hentaði. Í síðustu viku fékk hann nóg og ákvað að segja af sér, skrifaði formanni sjóðsins, ódagsett en ætlaði að segja af sér í dag. Strax morguninn eftir sendi hann póst þar sem hann útskýrði það að hann sæi eftir þessu en Erla Elín neitar að taka afsögn hans til baka. Nú áréttar hann að það er stjórn FF en ekki Erla Elín sem á að móttaka og samþykkja afsögn.

Hann beinir spurningu til Láru V. Júlíusdóttur. Hvenær var rætt við þig um að kæra til ríkissaksóknara - var það fyrir 4. apríl (fyrir stjórnarfund), milli 4. og 8. apríl (þegar aukaáðalfundurinn var), eða eftir 8. apríl? Ræddir þú við Lilju, Þóreyju og/eða Lindu Rós?

Erla Elín tók til máls og var gögnum dreift án þess að óskað hafi verið eftir því fyrirfram eins og fundarsköp gera ráð fyrir. Hún ætlar ekki að tala um trúnaðarrest við stjórn FF og Gísla og vísar því til föðurhúsanna. Í staðinn vill hún tala um framtíðarskipan mála hjá sjóðnum. Hún sagði að Gíslu Þór hefði sagt af sér og varamaður verið kallaður inn. Hún sagðist vinna af heilindum fyrir FF og upplifa að það væri ekki vilji sjóðfélaga að færa sjóðinn aftur í vörslu og þjónustu KÍ. Sjóðsstjórn ber ábyrgð á sjóðnum og getur ekki rækt skyldur sínar ef KÍ er með prókúruna á sínum snærum. Prókúra og bókhald verður að vera áfram undir stjórn Vísindasjóðs þar sem áður var misfarið með peningana sem má ekki gerast. Það er ódýrara að hafa sjóðinn á Bitruhálsi heldur en að hafa hann í KÍ. Erla hefur engin rökstutt svör fengið um hvernig eigi að fara með sjóðinn í KÍ. Rannsókn á bókhaldinu sýndi að mistök hefðu átt sér stað og fé hafi glatast þótt ekki yrði sakfellt. Flest kærutriði væri einkaréttarlegs eðlis og embættið benti stjórninni á að hægt væri að sækja skaðabótamál. Það er grafalvarlegt. Stefnan í héraðsdómi verður til lykta leidd í vetur og mun Erla Elín funda með formanni KÍ um þau mál fljótlega. Fulltrúar FF í stjórn Vísindasjóðs verða aldrei kúgaðir til hlýðni.

Guðríður sagði að vandinn kristallaðist í ræðum þessara tveggja fulltrúa. Stjórnin hefur vandað til verka og reynt að koma þessu máli í farveg þannig að allir geti borið höfuðið hátt. Innanfélagsátök sem þessi taka alltof mikinn tíma nú þegar lífeyris- og kjaramál eru brýn. Þetta er ekki hægt að búa við. Guðríður hefur óskað eftir upplýsingum um laun stjórnarmanna Vísindasjóðs sem eru hærri en fundabóknun hjá KÍ. Fleiri dæmi væri hægt að rekja en Guðríður vill ekki fara þá leið, hún vill hýsa sjóðinn og lofar að það verði ódýrara en nú. Þessi mál hefði verið hægt að leysa ef mannleg samskipti hefðu gengið betur. Báðar stjórnir mæta með lögfræðing, það segir sorgarsögu. Enginn í KÍ hefur stolið peningum. Það er FF sem vill fá sjóðinn í hús, ekki KÍ. Og að lokum, það má ekki breyta reglum í sjóðnum án samþykkis stjórnar FF.

Anna María segist hafa fylgst með þessu máli frá upphafi. Í störfum sínum sem fulltrúi skólamálanefndar hefur hún snúið sér til Vísindasjóðs með tvö erindi. Annað snerist um verknámskennara sem fengu ekki styrk þar sem nám þeirra er ekki á meistarastigi. Hitt sneri að fagraði um símenntun þar sem var verið að safna upplýsingum, Vísindasjóður sá sér ekki fært að svara þessu og því er gat í skýrslu um þetta. Erfitt að vera fulltrúi skólamálanefndar í svona aðstæðum.

Pétur sagðist vera orðinn þreyttur á þessu. Hvar er FS í þessu, það var gerð samþykkt á aukaáðalfundi, er stjórn þess sammála? (Guðríður svaraði úr sæti að FS væri sammála.) Eftir hverju er þá verið að bíða?

Guðmundur Björgvin sagðist hafa reynslu af orlofssjóði og vinnudeilusjóði. Hann fékk engin svör við óþægilegum spurningum í orlofssjóði og sagði svo af sér formlega. Stóð við uppsögnina. Skrifaði ekki undir ársreikninga orlofssjóðs, engar athugasemdir voru gerðar við það. Fór hljóðalaust í gegnum þing KÍ. Formaður segir að við ættum frekar að ræða kjaramál og vinnumat en Vísindasjóður er kjarasamningsmál, það er alveg klárt. Það er ekkert mál fyrir félagsmenn

núna að fá úthlutun úr sjóðnum, gengur alltaf eins og í sögu. Ef það er dýrara að vera í KÍ húsinu, hví ættum við að vera þar? Sbr. sjóð FG sem rann til þurrðar, ekkert virkt eftirlit var þar og sjóðurinn er enn hálf tómur meðan okkar Vísindasjóður er í blóma. Við viljum auðvitað að allt gangi vel og eðlilega að úthlutunarreglur sjóðsins breytist ekki en við verðum að fá að ræða þetta hér og nú og leysa þetta.

Snædís vill fá skýringu á hvað það þýðir að flytja sjóðinn aftur í KÍ-hús. Mun sjóðurinn ekki vera sjálfstæður áfram? Fara peningarnir í stóran sameiginlegan sjóð eða geta þeir verið á sérreikningi? Hún hefur góða reynslu af þjónustu Vísindasjóðs og ber fullt traust til stjórnar FF.

Guðlaug G taldi að aukaaðalfundurinn í vor hefði tekið skýra afstöðu, hún styður tillögu um að halda aukaaðalfund og kjósa nýja sjóðstjórn

Hanna Björg sagði að Vonarsjóður stæði vel núna og væri í fullri virkni. Þá vill hún ítreka að Vísindasjóðurinn verður áfram á eigin reikningi en FF mun þjónusta hann. Hún segir óþolandi að búa stöðugt við dylgjur. Við viljum vera í KÍ, þar er hag okkar best borgið, það er samþykkt, viðurkennt og ótvírætt.

Reynir Þór sagði að hann hefði stutt stjórn Vísindasjóðs 2014 en reynsla hans af samstarfinu fyrir FF væri erfið. Hann hvatti til þess að ályktunin yrði samþykkt því samstarfsörðugleikar að erindum sé ekki svarað væri óþolandi ástand.

Kolbrún Elfa fékk leyfi fundar til að taka til máls. Hún sagðist hafa fylgst með þessu ansi lengi. Hún spurði, vill fundurinn alltaf kalla til aukaaðalfundar þegar formaður fer í fýlu út í einhvern? Tveir hafa sagt af sér úr stjórn FF, hún sjálf sagði af sér sem fulltrúi í samninganefnd, fulltrúi í orlofssjóði hafi sagt af sér og nú á að bola stjórn Vísindasjóðs frá. Samskiptaörðugleikar eru á báða bóga. Og hvað sagðir þú í tölvupósti, Gísli, sagðir þú af þér eða ekki? (Ég sagði af mér, svarar Gísli).

Guðríður sagði að hún hefði skoðað gögn og rafrænar skilagreinar frá ríkinu og gæti ekki betur séð en að öllu hefði verið svarað. Við erum ekki að losa okkur við fólk með skoðanir, ekki til í dæminu. Öll önnur aðildarfélag velur sér fulltrúa í trúnaðarstörf, nema FF. Það er aðalfundur hjá okkur sem ákveður það, í anda lýðræðis. Afsagnir geta stafað af ýmsu, ekki endilega óánægju. Sjálfhætt í sumum tilfellum, enginn rekinn í burtu eða stuggað frá. En nú er staðan alveg sér á parti og mál að linni.

Lára V Júlíusdóttir vildi svara því sem til hennar var beint. Leyfi fékkst fyrir því. Hún var þó ekki með gögn til að svara til um ákveðnar dagsetningar. Hún hefur reynt að halda sig frá deilunum og horft á lagalegu hliðina. Kannski væri betra að hafa sálfræðinga en lögfræðinga í þessu máli. Öllu er snúið á haus og menn geta ekki talað saman. Hún sat fund í vor þar sem einn stjórnarmanna sleppti sér, rak alla út nema hana og formanninn, og hélt áfram með ógnandi tilburðum. Sjaldan séð annað eins. Ekki boðlegt fyrir fólk sem starfar í félagsmálum. Hún segir að samskipti hennar við stjórn Vísindasjóðs, einkum Erlu Elínu og Þóreyju, hafi verið góð. Vonandi verður hægt að fella þetta mál niður sem enn er fyrir dómi og að félaginu lánist að lægja öldurnar með vitrænum hætti svo sjóðurinn geti blómstrað áfram. Getur tekið saman greinargerð fyrir stjórn FF ef vill en

Þessi þjónusta er dýr, sífellt verið að kalla eftir lögfræðialíti. Þorði ekki annað en að senda formanni FF tölvupóst til að fá heimild til að vera hér á fundinum.

Gísli Hall er til varna fyrir KÍ í Vísindasjóðsmálinu. Það er ekki óeðlilegt að stjórn FF leiti lögfræðiaðstoðar þegar samskipti af hálfu Vísindasjóðs eru í gegnum lögfræðing. Ekki rétt hjá Láru að sífellt sé verið að kalla eftir álitum lögfræðings.

Gísli Þór bað Láru, og fundarmenn alla, afsökunar á því hve illa hann lét á téðum fundi. En að hæstaréttarlögmaður skyldi skrifa bréf til opinberrar stofnunar í hans nafni og þvinga hann til að samþykkja, er óafsanlegt.

Pétur V hefur fylgst náið með þessu og vill afgreiða þetta núna. Spyr stjórn FF, hvað gerðist eftir dóminn í mars? eru misbrestir í bókhaldinu hjá KÍ? Hvað með risnukostnaðinn sem var færður á reikning Vísindasjóðs? Er búið að leiðrétta og hvaða tölur eru það þá þar sem sá dómur var ekki hvítþvottur? Það á að ljúka þessu máli, og það á að selja Karlagötuna.

Guðríður sagði að ekkert væri misjafnt í bókhaldinu, risnan var árið 2008 og greidd með samþykki fráfarandi þáverandi formanns. Upphæðin fæst örugglega endurgreidd ef farið er fram á það. Þessu var vísað frá fyrir dómi og enn eru kröfur í gangi sem má semja um með lagni og jákvæðni. Er ekki skynsamlegt að hætta núna?

Mælendaskrá lokað. Leynileg kosning um tillögu um aukaaðalfund. Anna María gerir breytingu á dagskrá meðan verið er að prenta kjörseðla og býður Guðjóni Ragnari Jónassyni, formanni kjörstjórnar að kynna framboð til varamanna í stjórn FF og sjúkrasjóð.

Guðmunda Birgisdóttir (FLB) og Guðmundur Björgvin Gylfason (FSU) bjóða sig fram til setu í sjúkrasjóði.

Margrét Auðunsdóttir (VÍ), Rannveig Klara Matthíasdóttir (FLB) og Óli Njáll Ingólfsson (VÍ) bjóða sig fram til varamanns í stjórn FF.

Hádegismatur

Niðurstöður kosningar um tillögu FF: Tillagan samþykkt: 30 atkvæði gegn 7, tveir skiluðu auðu. Boðað verður til aukaaðalfundar.

3. KJARAMÁL

Oddur talaði um SALEK sem snýst um launaþróun, efnahagsmál og kjarasamninga. Hann ræddi um meginstoðir íslensks samningalíkans til framtíðar að norrænni fyrirmynd. Virðist miklu auðveldara að gera kjarasamninga á Norðurlöndum og launaþróun þar er jöfn og góð en frekar skrykkjótt hjá okkur með verðbólguþotum og háum prósentuhækkunum. Sjá glærur Odds.

4. KOSNINGAR

Kristján Kristjánsson kynnti niðurstöður atkvæðagreiðslunnar.

Í varastjórn eru 45 á kjörskrá, 38 greiddu atkvæði:

Margrét, 15 atkvæði

Óli Njáll, 30
Rannveig Klara, 27

Í sjúkrasjóð:
Guðmunda, 19 atkvæði
Guðmundur Björgvin, 19

Hlutkesti réði og Guðmunda hreppti sætið. Guðmundur Björgvin er til vara. Kristján beinir því til stjórnar FF að lögum verði breytt til að taka af skarið um hvað gera skuli falli atkvæði jafnt.

5. SAMNINGAMÁL

Guðríður sagði að nú lægi fyrir árs reynsla af vinnumatinu. Annars vegar verður rætt við fulltrúa SNR um vankanta á vinnumatinu og hins vegar ný samningsatriði. Samningsmarkmið hafa verið lögð fram, mótuð af samninganefnd og heimsóknnum í alla framhaldsskóla, með fyrirvara um þennan fulltrúafund. Guðríður fór yfir samningsmarkmiðin, sjá glærur.

Spurningar úr sal:

Hvað með fjarnám? Vandinn er sá að greiðslur eru mismunandi og ekki hægt að setja miðlægar reglur þar um sem gætu leitt til kjaraskerðingar í sumum skólum. Er hægt að setja **lágmark**, svo hver skóli geti samið fyrir sig? En hættan er sú að allir fari þá að lágmarkinu og haldi sig þar.

Tillaga kom fram um að safna saman upplýsingum úr stofnanasamningum um hvernig fjarnámi er háttað svo að það verði **aðgengilegt** fyrir félagsfólk. Samþykkt.

Hermann: Góðir punktar í samningagerð og ýmislegt má laga. Eftir samningana síðast voru **verknámskennarar** ekki sáttir við áfangaflokkun og vinnu, frágangi og efnisöflun, eftir verklegan áfanga. Guðríður svaraði því til að þeir hefðu 30 klst. óháð nemendafjölda, hugsanlega þó hægt að fara fram á meira því það væri viðurkennt að umsvif verknámskennara eru meiri en svo. En raungreinakennarar hafa ekkert fengið í þessum dúr svo það er sennilega brýnna.

Guðmundur Björgvin veltir fyrir sér af hverju sumar námsgreinar eru teknar út sérstaklega, benti t.d. á kennara á **starfsbrautum** sem væru með einstaklingsnámskrá og stækkandi hópa og verknámskennara sem sitja eftir með sárt enni. Guðríður sagði að það yrði skoðað hvort ætti yfirleitt að vinnumeta kennslu á starfsbrautum.

Snædís sagði að fagfélög hefðu fengið **framlög til rekstrar** í gegnum árin sem hafa nú verið að dragast saman, er hægt að vinna með það í kjaraviðræðum? Sennilega er þetta undir MMR eða SEF, og ekki hluti af kjarasamningi, segir Guðríður.

Hrönn tók undir orð Guðmundar Björgvins um starfsbrautirnar sem oft eru með hópum undir neðri mörkum í nemendafjölda.

Ingvar vildi benda á **líkamsrækt** og styrki út á hana, þyrfti að fara í sjúkrasjóðinn. Guðríður sagði að þar væri mikil tregða til að borga þetta því það yrði þá á kostnað þess að taka mesta höggð af þeim sem lenda í alvarlegum áföllum eins og veikindum, dýrri lækni meðferð o.fl. Vísindasjóður er endurmenntunarsjóður með skattaafslætti vegna bókakaupa og styrkur til líkamsræktar heyrir ekki undir hann. Það má bæta þessu við samningsmarkmiðin.

Ása er óánægð með að fá 5 hópa í **byrjun annar** sem tryllast svo í töflubreytingum og endar með fámenna hópa og þ.al. minni laun. Af hverju lækka kennarar í launum þess vegna, hví bera þeir skaðann af því hvernig tekst til með stundatöflugerð? Guðríður sagði að það yrði alltaf að telja nemendur og ekki hægt að semja um annað en grunnlaun.

Umræðum lokið.

6. VERKEFNISSTJÓRN

Reynir Þór var síðastur á dagskrá og sagði frá starfi verkefnisstjórnar. Búið er að halda 100 fundi frá 2014 vegna grunnvinnu, sýnidæma, kosninga um vinnumat o.fl. Ráðgjöf og rýni hefur einnig tekið mikinn tíma. Hann áréttaði að ýmis ákvæði vinnumats gilda út árið nema um annað verði samið í nýjum samningi. Fá mál hafa borist nú inn á borð vinnumatsnefndanna, endilega leitið til nefndanna með vafamál. Kennarar verða að vera duglegir að rýna matið og krefjast réttlætis. Mörg vafamál sem borist hafa tengjast fjöldaskilgreiningum og hafa verið nefndinni erfið enda ekki formlega á verksviði þeirra. Minnir á úrskurði á netinu sem eiga við sambærileg mál. Aðeins eitt mál fór til úrskurðarnefndar. Enn er verið að vinna í þessu og klára reikniverk í Innu. Ætlunin var að kynna niðurstöðu viðhorfskönnunar til vinnumats á þessum fundi en það verður ekki hægt. Könnunin fór hægt af stað vegna stíflu í netsíum o.fl., henni lauk kl 13 í dag og úrvinnsla er að hefjast hjá RHA. Að lokum hvatti hann alla til að nýta sér þjónustu verkefnisstjórnar meðan hún er í boði.

Spurningar úr sal: Guðmundur Björgvin: Verðum við með **vinnumat áfram**? Guðríður sagði að reynslutíminn hefði aðeins verið eitt ár. Verðum að gefa vinnumatinu aðeins meiri tíma til að slípast til og sníða af því vankanta áður en það verður endurskoðað eða eitthvað annað tekið upp.

Fundarstjóri felur formanni fundarstjórn.

Guðríður þakkaði fyrir góðan fund en sagði vissulega erfitt að standa í innanfélagsdeilum en hvetur fólk til að vera eins jákvætt og því er frekast unnt. Á mánudag verða aðalfundarfulltrúar boðaðir á næsta aðalfund með 6 vikna fyrirvara skv. lögum félagsins og mun hann snúast um málefni Vísindasjóðs.

Fundi slitið kl. 15.